

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps, nr. 125/2021, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. mgr. 40. gr. samþykktarinnar:

Á eftir 19. tölulið kemur nýr töluliður svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:

Skólanefnd tónlistarskóla. Einn aðalmanng og einn varamann, í samvinnu við Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Grýtubakkahrepp í skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 8. apríl 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafdís Gísladóttir.